



Níu mánaða uppgjör Landsvirkjunar

Sterk starfsemi þrátt fyrir ytri óróleika

Helstu atriði árshlutareiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 92,4 milljónum USD (12,8 ma.kr.), en var 129,1 milljón USD á sama tímabili árið áður og lækkar því um 28,4% milli tímabila.¹
- Hagnaður tímabilsins var 61,2 milljónir USD (8,5 ma.kr.) en var 90,1 milljón USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 328,0 milljónum USD (45,6 ma.kr.) og lækka um 44,5 milljónir USD (11,9%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 56,7 milljónir USD (7,9 ma.kr.) frá áramótum og voru í lok september 1.634,7 milljónir USD (227,2 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 169,8 milljónum USD (23,6 ma.kr.) sem er 23,6% lækkun frá sama tímabili árið áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Áfram setja efnahagsástandið og veirufaraldurinn mark sitt á rekstur Landsvirkjunar. Skórinn kreppir að hjá viðskiptavinum fyrirtækisins, með minnkandi eftirspurn og lækkandi afurðaverði. Eftir mikla lækkun skulda á síðasta áratug er Landsvirkjun þó í ágætri stöðu til að standa af sér storminn og standa með viðskiptavinum sínum á þessum krefjandi tímum. Eins og komið hefur fram höfum við veitt stórnotendum tímabundna afslætti, en einnig höfum við lagt okkar af mörkum í átaki atvinnulífsins í efnahagsmálum, með því að ráðast í ýmsar framkvæmdir, endurbætur og rannsókn- og þróunarverkefni víðs vegar um landið.

Það er ánægjulegt að þrátt fyrir erfiðar aðstæður hefur okkur áfram tekist að lækka nettó skuldir á fyrstu níu mánuðum ársins, en þær eru nú tæpum átta milljörðum króna lægri en um síðustu áramót. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er mælikvarðiinn sem við lítum gjarnan til þegar við metum rekstur fyrirtækisins, lækkar um 28% miðað við sama tímabil árið áður, en hann nam 92,4 milljónum dollara.

Þrátt fyrir óróleika í ytra umhverfi gekk starfsemi fyrirtækisins vel á tímabilinu. Rekstur aflstöðva gekk vel og í takti við breytt markaðsumhverfi skiptum við markaðs- og viðskiptaþróunarsviði upp í tvö svið, orkusölusvið annars vegar og viðskiptaþróunar- og nýsköpunarsvið hins vegar. Þótt erfiðleikar steðji að efnahagslífinu nú um sinn blasa við ýmis tækifæri fyrir Landsvirkjun í framtíðinni, svo sem í grænni vetnisvinnslu, vistvænum iðngörðum og annarri grænni nýsköpun á borð við Orkídeu- og EIMS-verkefni á Suður- og Norðurlandi.


Horfur í rekstrarumhverfi fyrirtækisins og efnahagslífi heimsins eru þó áfram óvissar. Þær velta sem fyrr á því hversu vel tekst að hemja útbreiðslu kórónuveirunnar. Nýlegar jákvæðar fréttir af þróun bóluefnis lofa góðu og komist það fljótt á markað nær efnahagslífið í heiminum sér vonandi á strik á ný sem fyrst.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 139




Rekstur

Þróun rekstrartekna



Viðskiptavinir Landsvirkjunar hafa fundið fyrir samdrætti í eftirspurn eftir afurðum þeirra og hefur Landsvirkjun stutt við bak þeirra með því að veita tímabundin aflsláttarkjör. Þessi þróun hefur sett þrýsting á rekstrartekjur Landsvirkjunar sem eru 44 m. USD lægri á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 en þær voru á sama tíma árið 2019.


EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrar- og viðhaldskostnaður eykst milli ára, aðallega vegna kostnaðar í flutningskerfinu vegna óveðurs í byrjun árs. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA, nam 236 m. USD á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 47 m. USD lægra en á sama tímabili árið áður.




Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn nam 92 m. USD á fyrstu níu mánuðum ársins sem er 28% lækkun miðað við sama tímabil í fyrra.

Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði á 9M 2020




Nettó skuldir lækka


Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 170 m. USD á tímabilinu sem er 53 m. USD lægra en á sama tímabili í fyrra. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádrögnum handbæru fé fyrirtækisins) lækkuðu um 57 m. USD frá áramótum en þær hafa lækkað um 78 m. USD frá sama tíma í fyrra. Eiginfjárhlutfall hefur þróast í takt við niðurgreiðslu lána og er nú 51,1%.



Nettó skuldir og eiginfjárlutfall



Handbært fé nam 101 m. USD í lok september 2020 sem er um 9 m. USD lækkun frá áramótum.



Horfur í rekstri

Engum blöðum er um það að fletta að Landsvirkjun stendur frammi fyrir áskorunum í þessu erfiða efnahagsástandi sem fylgir COVID-19 faraldrinum. Viðskiptavinir Landsvirkjunar á stórnotendamarkaði hafa notið sérstakra tímabundinna afsláttarkjara. Þannig sýnir Landsvirkjun stuðning sinn í verki á þessum óvenjulegu tímum. Þá mun fyrirtækið taka þátt í öflugri viðspyrnu atvinnulífsins í því átaki sem er framundan í atvinnu- og efnahagsmálum, með því að ráðast í ýmis verkefni tengd nýframkvæmdum, endurbótum og viðhaldi á orkuvinnslusvæðum. Einnig höfum við blásið til rannsókna- og þróunarverkefna á Suðurlandi og Norðurlandi, í samstarfi við hagaðila í nærsamfélaginu og verkefnum hefur verið flýtt á sviði stafrænnar þróunar. Niðurgreiðsla skulda á undanförunum áratug og bætt eiginfjárstaða gerir að verkum að Landsvirkjun er í góðri stöðu til þess að stíga ölduna og takast á við þær áskoranir sem íslenskt samfélag og efnahagslíf standa frammi fyrir á þessum óvissutímum.

Reykjavík, 20. nóvember 2020

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



Um árs hlutareikninginn

Árs hlutareikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir árs hlutareiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2020	2019	2018	2017	2016
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstur					
Rekstrartekjur	323.055	365.493	403.800	351.691	303.485
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	4.906	6.956	(4.983)	(4.361)	3.632
Rekstrartekjur samtals	327.961	372.449	398.817	347.330	307.117
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(92.403)	(89.737)	(107.125)	(97.762)	(81.502)
EBITDA	235.558	282.712	291.692	249.568	225.615
Afskriftir og virðisryrnun	(95.764)	(100.800)	(93.114)	(87.070)	(87.721)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	139.794	181.912	198.578	162.498	137.894
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(47.392)	(52.852)	(65.134)	(47.664)	(49.137)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	92.402	129.060	133.444	114.834	88.757
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(6.384)	(7.780)	(32.762)	66.194	29.828
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(4.541)	(3.046)	17.573	(8.919)	(921)
Óinnleystur gjaldeyrismunur	7.711	16.494	14.623	(56.091)	(38.179)
	(3.214)	5.668	(566)	1.184	(9.272)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	89.188	134.728	132.878	116.018	79.485
Tekjuskattur	(27.996)	(44.579)	(43.601)	(37.489)	(31.997)
Hagnaður	61.192	90.149	89.277	78.529	47.488
Efnahagur	30.9.2020	30.9.2019	30.9.2018	30.9.2017	30.9.2016
Eignir samtals	4.336.657	4.336.760	4.445.981	4.441.672	4.261.610
Eigið fé samtals	2.217.323	2.211.197	2.132.829	2.034.201	1.949.506
Skuldir samtals	2.119.334	2.125.563	2.313.152	2.407.471	2.312.104
Nettó skuldir	1.634.720	1.712.848	1.940.009	2.038.246	1.973.757
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	169.828	222.407	222.693	200.432	172.545
Fjárfestingar	(74.958)	(57.202)	(126.863)	(188.691)	(109.293)
Fjármögnun	(102.884)	(201.102)	(131.696)	(47.660)	(101.229)
Lausafé alls	451.063	375.969	453.359	491.395	528.125
Eiginfjárlutfall	51,1%	51,0%	48,0%	45,8%	45,7%
Arðsemi eiginfjár	3,9%	5,7%	5,8%	5,0%	3,1%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	5,48x	5,39x	4,88x	5,43x	5,12x
Nettó skuldir / EBITDA	4,93x	4,50x	5,00x	6,26x	6,53x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.